



Skýrsla Stjórnar SÍGÍ starfsárið 2023

Stjórn SÍGÍ 2023

Formaður Steindór Kr. Ragnarsson

Aðrir í stjórn eru þeir Einar Gestur Jónasson, Leó Snær Pétursson, Jóhann Gunnar Kristinsson gjaldkeri, Ellert Jón Þórarinsson, Hólmar Christiansson og Haukur Jónsson.

Haldnir voru um 8 formlegir stjórnarfundir ásamt nokkrum öðrum óformlegum. Flestir fóru fram í gegnum fjarfundarbúnað TEAMS.

Ráðstefna SÍGÍ 2023

Þann 1.mars var haldin ráðstefna SÍGÍ ásamt aðalfundi félagsins fyrir rekstrarárið 2022. Fundurinn var haldinn í húsakynnum Keilis þar sem fjöldi fyrirlesara mættu og fræddu okkar félagsmenn.

Gunnar Sveinn Magnússon var með fræðslu um hvernig forgangsroðun Gólf sambands Íslands er varðar heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna.

Jim Croxton framkvæmdastjóri BIGGA fór yfir niðurstöður viðamikillar könnunnar sem þeir gerðu á aðbúnaði og vinnuumhverfi sem gerð var í Bretlandi og var það mjög áhugavert að heyra.

Paul Larsen vallarstjóri Royal St. Georges sem hélt Opna Breska 2022 var meðal fyrirlesara og hafði afar skemmtilega frásögn af sinni reynslu.

Mike O'Keeffe, frá Ohio State var einnig meðal fyrirlesara og sagði hann frá sinni raun í að finna unga og upprennandi vallarstarfsmenn og koma þeim að á golfvöllum Bandaríkjanna.

Bjarni Þór Hannesson sagði frá sinni vinnu með utanríkisráðuneytinu varðandi að koma íslendingum í vinnu í Ástralíu.

Nathalie Korsholm Nielsen fræddi okkur um endurvinnslu á gerfigrasi sem Rematch í Danmörku sérhæfir sig í.

Loks kom Jón Rúnar Halldórsson frá FH og sagði okkur frá þeirra spennandi verkefndi með hybrid æfingarsvæðið þeirra.





FEGGA

Aðalfundur FEGGA fór fram í Cascais í Portúgal dagana 21.-24. febrúar ásamt árlegu ráðstefnunni sem haldin er af FEGGA. Haukur Jónsson og Einar Gestur Jónsson mættu fyrir Íslands hönd og voru aðal umræðuefni og fundarefnið hinar miklu áskoranir sem herja á golfvallarumhirðu í Evrópu vegna banna á ýmsum hjálpar- og varnarefnum. Þróun golfvallarnáms og hvernig róbotar geta gjörbreytt okkar nálgun á umhirðu golfvalla.



STERF

STERF, Norræni grasvalla- og umhverfissrannsóknasjóðurinn, er sameiginlegur þekkingarbrunnur og rannsóknarvettvangur norrænu golfsambandanna.

STERF hefur gefið frá sér margt efni sem aðgegnilegt er á þeirra heimasíðu www.sterf.org. Mikið efni hefur verið þýtt yfir á íslensku. Þrátt fyrir að efnið sé hugsað fyrir golfvelli er hér margt sem umsjónaraðilar knattspyrnuvalla geta nýtt sér.

Vetrarskaðaverkefni Ísbrjóturinn kláraðist á síðasti ári og var það gert upp með ráðstefnu í Osló 3. nóvember. 8 vallarstjórar fóru frá Íslandi og kom margt áhugavert fram og eru einhverjir þeirra sem fóru á ráðstefnuna nú þegar farnir að gera ráðstafanir vegna vetrarskaða næstu árin.

Meistaramót SÍGÍ 2023

Haldið var glæsilegt Meistarmót SÍGÍ í samstarfi við HÁ verslun þar sem 32 félagar tóku þátt við frábærar aðstæður á Akureyri. Keppt var á frábærum Jaðarsvelli Golfklúbbs Akureyrar. Myndaðist skemmtileg stemming við þessa hópferð norður og tilbreyting góð.

Vel var veitt að venju, súkkulaði og snúðar í teiggjöf, grillpylsur á 5. teig, millisterk fljótandi næring á 14. teig, ljósmyndarinn keyrði um með nammi og drykki og nýtt met var slegið í úrdráttarverðlaunum. Sigurður Hreinsson lék afar vel á 37 punktum og var því krýndur kampakátur SÍGÍ meistari 2023. Í öðru sæti var Daníel Halldórsson Apeland með 35 punkta og í þriðja sæti var Óli Þór Júlíusson á 33 punktum.



Eftirtalin fyrirtæki styrktu mótið af myndarskap með ýmsum gjöfum og er þeim færðar bestu þakkir fyrir, án þeirra er alveg ljóst að mótið væri ekki eins glæsilegt og raun ber vitni.

Altis, Askja, Epli, FLUX- vökvun, Grastec, Golfskálinn, Grasavinafélagið, GSÍ, Icelandair, ÍSAM, Kjöthúsið, KSÍ, Mekka, Nói Sírius, Ó Johnson og Kaaber, MHG- verslun, Ormson, Sjóvá, Tandur og HÁ- verslun sem bauð öllum í matinn að eftir golfið.

Auk þess gáfu eftirfarandi golfklúbbar fríspil í verðlaun:

Keilir, GM, Brautarholt, GA, Nesið, Oddur, GKG, Öndverðanes og GR.

Fyrir hönd stjórnar SÍGÍ

Steindór Kr. Ragnarsson

Formaður SÍGÍ